

Mánudaginn 29. nóvember 1982.

Nr. 21/1980. **Jósafat Arngrímsson**  
(Kristján Eiríksson hrl.)  
gegn  
**Vilmundi Gylfasyni**  
(Benedikt Blöndal hrl.)  
**Ríkisútvarpinu og**  
**menntamálaráðherra og**  
**fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**  
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Ærumeiðingar. Ómerking ummæla. Sýknað af refsikröfu og kröfu um miskabætur.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen, Magnús Þ. Torfason og Guðmundur Jónsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. febrúar 1980, að fengnu áfrýjunarleyfi, útgefnu 12. febrúar 1980.

Dómkröfur áfrýjanda eru þessar:

„1) Á hendur stefnda Vilmundi:

**Aðallega, að** stefndi Vilmundur verði dæmdur í þyngstu refsingu, sem lög leyfa, fyrir að hafa haft um hönd ummæli þau, sem í málinu greinir, að hin ærumeiðandi töluðu orð, sem í málinu greinir, verði dæmd dauð og ómerk og loks verði áfrýjanda dæmd tilhlýðileg fjárhæð til að standast kostnað af birtingu málsloka í sjónvarpinu eða öðrum fjölmiðli.

**Til vara, að** stefndi Vilmundur verði dæmdur í þyngstu refsingu, sem lög leyfa, fyrir að raska opinberlega friði einkalífs áfrýjanda.

2) Á hendur stefnda Vilmundi, Ríkisútvarpinu og fjármála- og menntamálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs:

**Að** stefndu verði dæmt óskipt að greiða áfrýjanda féggjald fyrir ófjárhagslegt tjón eða miska að fjárhæð kr. 10.000.00

með 9% ársvöxtum frá stefnudegi í héraði til greiðsludags. Að öllum stefndu verði dæmt óskipt að greiða áfrýjanda kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti hvoru tveggja að mati Hæstaréttar.“

Dómkröfur stefnda Vilmundar Gylfasonar eru þær, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndu Ríkisútvarpið, menntamálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gera þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þar á meðal staðfest endurrit af dómi sakadóms Gullbringusýslu, uppkveðnum 5. maí 1982, í sakadómsmálinu: Ákærvaldið gegn Jósafat Arngrímssyni. Með dómi þessum er áfrýjandi sakfelldur fyrir að hafa gefið út 21 tékka, samtals að fjárhæð 21.463.375.60 gamlar krónur, án þess að næg innstæða væri fyrir hendi, svo sem honum var gefið að sök í ákæruskjali ríkissaksóknara, útgefnu 13. janúar 1977, og vikið er að í hinum áfrýjaða dómi. Með nefndum dómi sakadóms var áfrýjandi dæmdur í fangelsi í sex mánuði, en fresta skyldi fullnustu þeirrar refsingar og hún falla niður að tveim árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins, ef áfrýjandi héldi almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Við ákvörðun refsingar hefur sakadómariinn tekið tillit til þess, að ákærði játaði brot sitt greiðlega, langt var um liðið frá því að hann framdi það og enn fremur, að hann hafði fljótlega gert upp alla hina innstæðulausu tékka að fullu ásamt kostnaði.

Nokkurrar misritunar gætti í endurritum þeim, er lögð voru fram í héraði, af ummælum stefnda Vilmundar Gylfasonar, sem stefnt er út af í máli þessu.

Af þeirri ástæðu hafa lögmenn málsaðilja sameiginlega lagt fram í Hæstarétti nýtt endurrit af ummælum, svohljóðandi:

- „1. Í mars síðastliðinn var sami maður enn á ferð í vafasömum viðskiptum. Alls reyndist vera um að ræða inni-stæðulausar ávísanir upp á tuttugu og eina milljón króna.
2. Maðurinn er sem sagt kærður fyrir tékkamisferli upp á rúmar tuttugu milljónir króna en reyndist fljótlega borgunarmaður fyrir nær helmingi upphæðarinnar.
3. Í skýrslunni kemur meðal annars fram, að helsti samstarfsmaður verslunarmannsins, sem lögin í landinu virðast alls ekki ná yfir, er maður sem nýlega hefur enn verið í fréttum vegna meintrar aðildar að miklu tollsvikamáli. Í fyrirtæki þess síðartalda voru engar bókhaldsbækur til, ekkert skattaframtal síðastliðin fjögur ár og ekki leyfi til smásölu eða heildsölu á sama tíma, svo nokkuð sé nefnt.
4. . . . en engu að síður, að er það ekki nokkuð skríttinn læknir, sem að dæmir menn frá því að mega alls ekki vera í tugthúsi, þrátt fyrir það að hann hafi margsinnis, eða að minnsta kosti í eingang alvarlega unnið til þess. . .
5. Þetta var sami maðurinn sem á í þessu trekk í trekk.
6. Og maðurinn segir við vini sína: Hafið engar áhyggjur, ég er dæmdur, ég er dæmdur trekk í trekk, ég fer aldrei í tugthús.
7. Sko, þarna er ákveðinn maður, búið er að dæma, það verður, það skilar sér eflaust einhvern tíma á næsta ári eða þar næsta dómur frá saksóknara um tollsvikamál. . .
8. Nú Jón, nú þekkir þú þetta mál út og inn. Heldur þú í hjarta þínu að þessi maður komi nokkurn tíma til með að taka út refsingu fyrir fjársvikamál upp á tuttugu og eina milljón króna?“

Samkvæmt 22. gr., 2. mgr., útvarpslaga nr. 19/1971 ber sá, sem flytur efni í eigin nafni, ábyrgð á því. Sama regla gildir einnig um samtal í útvarpi. Stefndi Vilmundur viðhafði hin umstefndu ummæli í sjónvarpsþættinum Kast-

ljósi, sem sjónvarpað var 20. desember 1974. Ber hann því ábyrgð á ummælunum.

Ummæli þau, sem stefnt er út af, verða hvorki talin refsiverðar móðganir né aðdróttanir. Ekki verða þau heldur talin brjóta í bága við friðhelgi einkalífs í skilningi 229. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eða óskráðar grundvallarreglur um persónuvernd.

Eigi þykja ummæli þau, sem greinir í 1. til 5. tl. og 7. og 8. tl. eiga að varða ómerkingu.

Í 6. tölulið er krafist ómerkingar á eftirfarandi ummælum:

„Og maðurinn segir við vini sína: Hafið engar áhyggjur, ég er dæmdur, ég er dæmdur trekk í trekk, ég fer aldrei í tugthús.“

Ummæli þessi eru óviðurkvæmleg. Ber með vísan til 241. gr. almennra hegningarlaga að ómerkja þau.

Þar sem ummæli stefnda Vilmundar hafa samkvæmt því, sem að framan er rakið, ekki verið talin refsiverð, ber samkvæmt 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 að synja kröfu áfrýjanda um fégjald fyrir ófjárhagslegt tjón eða miska. Af sömu ástæðu ber að hafna kröfu um fjárgreiðslu til að standast kostnað af birtingu dóms, sbr. 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga.

Fébotakröfur áfrýjanda á hendur stefndu menntamálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs eru engum haldbærum rökum studdar. Þá ber Ríkisútvarpið ekki heldur fébótaábyrgð á því útvarpsefni, sem um er að tefla í máli þessu, samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 23. gr., sbr. 22. gr. útvarpslaga nr. 19/1971.

Ber því að dæma áfrýjanda til að greiða þessum aðiljum málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst 5.000.00 krónur.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður milli áfrýjanda og stefnda Vilmundar.

#### D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að framangreind ummæli eru dæmd dauð og ómerk.

Áfrýjandi, Jósafat Arngrímsson, greiði stefndu Ríkisútvarpinu og menntamálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs 5.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Málskostnaður fellur niður fyrir Hæstarétti milli áfrýjanda og stefnda Vilmundar Gylfasonar.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

### **Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. maí 1979.**

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Jósafat Arngrímsson framkvæmdastjóri, Holtsgötu 37, Ytri-Njarðvík í Gullbringusýslu, höfðað fyrir bæjarþinginu samkvæmt heimild í 5. tl. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 85/1936 með stefnu, útgefinni 17. febrúar 1975, á hendur Vilmundi Gylfasyni menntaskólakennara, Safa-mýri 56, Reykjavík, Ríkisútvarpinu og menntamálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og Ríkisútvarpsins.

Tílefni málishöfðunarinnar er það, að að kvöldi 20. desember 1974 var sendur út í íslenska sjónvarpinu viðræðu- og umræðuþátturinn „Kastljós“, en þáttur þessi er eins konar frétt- og skýringaþáttur. Stjórnandi þáttarins var stefndi Vilmundur, en aðrir þátttakendur voru Baldur Möller, ráðuneytisstjóri í dómsmálaráðuneytinu, og Jón Thors, deildarstjóri í sama ráðuneyti. Stefndi segir stefnda Vilmund í þættinum hafa viðhaft um sig ýmis ummæli, sem hann telur úr hófi fram meiðandi og móðgandi fyrir sig. Þau ummæli, sem stefnt er út af, eru þessi:

1. „Í mars s.l. var sami maður enn á ferð í vafasömum viðskiptum, alls reyndist um að vera innstæðulausar ávísanir upp á tuttugu og eina milljón króna.“
2. „Maðurinn er sem sagt kærður fyrir tékkamisferli upp á rúmar tuttugu milljónir króna, en reynist fljótlega borgunarmaður fyrir helming upphæðarinnar.“
3. „Í skýrslunni kemur m. a. fram, að helsti samstarfsmaður verslunarmannsins, sem lögin í landinu virðast alls ekki ná yfir, er maður, sem nýlega hefur enn verið á ferðinni í fréttum vegna meintrar aðildar að miklu tollsvikamáli. Í fyrir-tæki þess síðartalda, voru engar bókhaldsbækur til, ekkert

skattaframtal s.l. fjögur ár og ekki leyfi til smásölu eða heildsölu á sama tíma, svo að nokkuð sé nefnt.“

4. „ . . . en engu að síður, að er það ekki nokkuð skritinn læknir, sem að dæmir menn frá því, að hann megi alls ekki vera í tukthúsi, þrátt fyrir það, að hann hafi marg sinnis eða a. m. k. í eingang alvarlega unnið til þess. . .“
5. „Þetta er sami maðurinn, sem á í hlut trekk í trekk.“
6. „Og að maðurinn segir við vini sína, hafið engar áhyggjur, ég er dæmdur trekk í trekk, og fer aldrei í tukthús.“
7. „Sko þarna er ákveðinn maður, sem búið er að dæma, það skilar sér eflaust á næsta ári eða þar næsta, dómur frá saksóknara (sakadómara) um tollsvikamál.“
8. „Nú Jón, nú þekkir þú þetta mál út og inn. Heldur þú í hjarta þínu, að þessi maður komi nokkurn tíma til með að taka út refsingu fyrir fjársvikamál upp á tuttugu og eina milljón króna.“

Hefur stefnandi gert þessar dómkröfur:

1) Á hendur stefnda Vilmundi *aðallega*, að hann verði dæmdur til þingstu refsingar, sem lög leyfa, fyrir tilgreind ummæli, að hin ærumeiðandi töluðu orð verði dæmd dauð og ómerk, að stefndi Vilmundur verði dæmdur til þess að greiða stefnanda hæfilega fjárhæð til að standast kostnað af birtingu dómsins í íslenska sjónvarpinu eða öðrum opinberum fjölmiðlum, þ. e. atriðisorða dómsins eða forsendna hans, en *til vara*, að stefndi Vilmundur verði dæmdur í þingstu refsingu, er lög leyfa, fyrir háttsemi, sem fór í umrætt sinn í bága við anda og efni 229. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 (brot gegn friðhelgi einkalífs).

2) Á hendur stefnda Vilmundi, Ríkisútvarpinu og menntamálaráðherra og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og Ríkisútvarpsins, að stefndu verði gert óskipt að greiða stefnanda fégjald fyrir ófjárhagslegt tjón eða miska að fjárhæð kr. 1.000.000 með 9% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags.

3) Á hendur stefndu öllum til að greiða óskipt kostnað sakarinnar að mati dómarans.

Stefndi Vilmundur hefur krafist sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómarans.

Stefndu Ríkisútvarpið, menntamálaráðherra og fjármálaráðherra hafa *aðallega* krafist sýknu af dómkröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi, en *til vara* lækkunar á fjárhæðum og málskostnaðar.

Stefnandi styður kröfur sínar þeim rökum, að öll hin tilvitnuðu ummæli eða orð séu refsiverðar ærumeiðingar. Meint brot stefnanda í marsmánuði 1974 sé engan veginn réttmæt ástæða til að viðhafa þau ummæli, sem tilgreind hafa verið, því síður refsidómur sá, er stefnandi hlaut 16. mars 1967 (í Hæstarétti). Reglan um frjálsa frásögn af dómsmálum getur engan veginn náð svo langt, að sakfellda beri eftir lyktir málsins að sætta sig við, að hans gömlu syndir séu dregnar fram í dagsbirtuna á opinberum vettvangi að ástæðulausu. Frétt næmir eða frásagnarverðir hagsmunir eru fortakslaust ekki einhlítir til að viðhafa slík ummæli um stefnanda opinberlega. Hér ber annars vegar að meta hagsmuni þess, sem um er rætt (stefnanda), og á hinn bóginn, hvort frásögn stefnda Vilmundar, þegar alls er gætt, beri að meta ótilhlýðilega eða ekki.

En eitt er að vera gagnrýninn, annað hvernig það er gert. Fjölmíðlar eru gapastokkar nútímans. Gapastokkur sjónvarpsins bíður þess ekki, að dómur falli. Í umræddum þætti virti stefndi Vilmundur rétt stefnanda til að vera manneskja harla lítils. Stefndi Vilmundur lét þannig með öllu undir höfuð leggjast að huga að því, að fyrir stefnanda var það kannski meira kvalræði að verða fyrir slíku umtali og aðkasti — og kannski afdrifaríkara fyrir framtíð hans — en dómur sá, sem hann kann að hljóta. Þvílíkt kvalræði snertir ekki einvörðungu stefnanda, heldur einnig aldraða móður hans á Vestfjörðum, maka og börn. Maður getur gert sér í hugarlund tilfinningar óharðnaðra unglinga, sem eiga að fara í skólann daginn eftir, að faðir þeirra hefur verið lýstur varmenni og ódrengur í sjónvarpinu eða það, sem verra er.

Í umræddum þætti viðhafði stefndi Vilmundur ummæli af ýmsum toga um stefnanda, sem stefnandi telur úr hófi fram meiðandi og móðgandi fyrir sig, jafnvel þó að hann hafi aldrei verið nafngreindur þeim orðum af stefnda Vilmundi í þættinum. Í stuttu máli sagt mun alveg óhætt að fullyrða, að stefndi Vilmundur hafi borið stefnanda harla ófagurlega söguna og því talað yfir sig. Hjá stefnda Vilmundi skorti a. m. k. ekki hrakleg orð, hvað sem öðru líður. Ofan á þetta bætist líka sú staðreynd, að stefndi Vilmundur gerði lítinn greinarmun smárra misherma og stórra. Þótt stefnandi sé, eins og áður segir, hvergi nefndur með nafni þeim orðum í ummælum þeim, sem tilgreind hafa verið innan gæsalappa í stefnu, þá segir stefndi Vilmundur í tveim málsgreinum í viðtalinu þó þeim orðum: „Þeir sögðu í

Vísi í gær til dæmis.“ Og síðar í viðtalinu viðhefur stefndi Vilmundur þessi orð: „ . . . hér er frétt í Vísi í gær.“ Í Vísi var einmitt þann 19. desember 1974 vikið beinum orðum að stefnanda í stórrí fyrirsögn á 8. síðu, sem mikið bar á. Fyrirsögn dagblaðsins er svohljóðandi: „Er kyndillinn slökknður?“ Það er því á engan hátt vafasamt, að stefndi Vilmundur sveigði þeim ummælum, sem tilgreind voru hér að framan innan gæsalappa, að stefnanda málsins og það með þeim hætti, að allir hlutu að vita, við hvern var átt.

Stefnandi staðhæfir, að ummæli stefnda Vilmundar hafi í umrætt sinn farið langt út fyrir hæfileg eða tilhlýðileg mörk, laga- leg og siðferðileg, og engar skynsamlegar ástæður réttlæti slíka hegðun af hálfu starfsmanns langstærsta fjölmiðils þjóðarinnar. Jafnframt fullyrðir stefnandi, að opinber fjölmiðill sé ekki vettvangur í þá veru, að menn þjóni þar lund sinni, sletti meinfýsi sinni framan í alþjóð né fari með hóflausar dylgjur og hrakyrði um borgara samfélagsins. Það stoði stefnda Vilmund engan veginn, þó að hann láti í veðri vaka, að markmiðið sé að bæta réttarganginn í landinu.

Þá er því og haldið fram, að samkvæmt íslenskum rétti gildi óskráðar grundvallarreglur um almenna réttarvernd persónuleika einstaklingsins og ekki fari hjá því, að slíkar reglur nái lengra en settar réttarreglur. Mörk þvilíkrar verndar verði að finna með hagsmunamati. Það er staðhæft af hálfu stefnanda, að í þessu tilviki hafi stefndi Vilmundur farið langt út fyrir mörk þess, sem tilhlýðilegt geti talist. Hér beri þess og að gæta, að sjónvarp nái til langtum fleiri einstaklinga en t. d. dagblað og áhrifasvæði sjónvarpsins sé til mikilla muna yfirgrípsmeira en annarra almennra fjölmiðla. Sá, sem hrakyrstur er í sjónvarpi, er öldungis fyrirmunað fyrirfram að hamla gegn mishermi og gróusögum óhlutvandra manna, og hann á þess jafnan engan kost að bera hönd fyrir höfuð sér, meðan á útsendingu stendur, heldur hlýtur hann að standa undrandi og úrræðalaus gagnvart umheiminum.

Aðalkröfur sínar í málinu á hendur stefnda Vilmundi byggir stefnandi á því, að öll hin umstefndu ummæli séu að verulegu marki ósönn, séu yfrið meiðandi og móðgandi í sinn garð, sbr. í þessu efni 234., 235., 236. og 237. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 beint eða per analogiam, sbr. og 238. gr. og 241. gr. sömu laga. Um hverja tilvitnaða umsögn tekur stefnandi fram:

*Um 1. Að frásögnin af fjárhæð ávísananna sé ýkt til muna*



og því ósönn að verulegu marki og refsiverð, sbr. 25. kafla alm. hegningarlaga beint eða per analogiam.

*Um 2.* Sömuleiðis heldur stefnandi því fram, að þessi frásögn sé ýkt til muna og því ósönn og refsiverð, sbr. 234. gr. til 238. gr. alm. hegningarlaga.

*Um 3.* Hér sé því dróttað að stefnanda, að hann hafi ekkert bókhald, telji ekki fram til skatts og hafi ekki leyfi til verslunarrekstrar. Þessi ummæli eru ósönn með öllu og refsiverð, sbr. fyrrgreindar lagatilvitnanir.

*Um 4.* Hér sé því dróttað að stefnanda, að hann hafi margsinnis unnið til refsivistar. Aðdróttun af þessum toga er refsiverð ærumeiðing, sbr. tilvitnaða lagastafi.

*Um 5.* Hér sé því dróttað að stefnanda, að hann sé síbrotaður. Slíkt er refsiverð ærumeiðing, sbr. tilvitnaðar lagagreinar.

*Um 6.* Gildir sama og undir 5. lið hér að framan.

*Um 7.* Hér sé stefnanda brigslað um það, að hann sé þátttakandi í tollsvikum eða jafnvel tollsvikamáli því, sem upp kom sl. sumar eða haust. Þessi aðdróttun sé með öllu ósönn, og vant er að sjá, að hún þjóni nokkrum öðrum tilgangi en kasta rýrð á stefnanda af einskærri meinfýsi, sbr. áðurgreinda lagastafi.

*Um 8.* Gildir sama og um 1. og 2. lið hér að ofan.

Varakröfuna á hendur stefnda Vilmundi grundvallar stefnandi á 229. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940. Ummæli eða orð stefnda Vilmundar telur stefnandi vera mjög svo ruddaleg eða gróf skerðing á friðhelgi einkalífs, enda verði að gefa gaum að því í þessu tilviki, að frásögnin eða ummælin voru viðhöfð á opinberum vettvangi.

Krafa stefnanda á hendur öllum stefndu um greiðslu fébóta (miska) er byggð á 1. mgr. 264. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940. Heldur stefnandi því fram, að umrædd meingerð eða yfirsjón gagnvart sér sé framin af beinni illfýsi eða illgirni, svo og vísar hann um bótaréttinn á hendur öðrum stefndu en Vilmundi til niðurlagsákvæðis 22. gr. laga nr. 19/1971 (útvarpslög).

Stefndi Vilmundur styður sýknukröfu sína þeim rökum, að hann hafi sem starfsmaður sjónvarpsdeildar Ríkisútvarpsins stjórnað fréttaskýringarþættinum „Kastljós“ hinn 20. desember 1974. Tilgangur þáttarins er að flytja þjóðinni sitthvað fréttæmt, oft með viðtölum við þá, sem gerst þekkja til mála. Svo hafi verið í hér umræddum þætti, þar sem fyrir var tekið fulln-

usta refsíðoma, en refsímál og meðferð þeirra hafi verið á baugi um þetta leyti. Fréttamanni sé rétt og skylt að fá fram sem gleggstar skýringar á hverju máli og komast að kjarna þess, þar á meðal að þegja ekki um eigin vitneskju, ef til skýringa kann að verða. Það sé skylda hans gagnvart þjóðinni, þótt honum að sjálf-sögðu sé jafnframt skylt að gæta friðhelgi einkalífs einstaklingsins. Í umræddum þætti beindist gagnrýni fréttamannsins að viðmælendum, og henni til áréttingar nefndi hann dæmi máli sínu til stuðnings án þess þó að geta nafns viðkomandi. Það dæmi var raunhæft, og fór fréttamaðurinn hvergi út fyrir þá fyrirliggjandi staðreyndir. Vildi fréttamaðurinn með því vekja athygli til umræðna úrræðaleysi um framkvæmd refsivörslu. Hin tilvitnuðu ummæli, sem út af er stefnt í málinu, séu sönn. Það beri hin framlagða sakadómsrannsókn og síðari ákæra með sér. Af þeim sökum sé eigi grundvöllur til refsingar fyrir brot á friðhelgi einkalífs eða æru og enn síður til ómerkingar ummæla. Skilyrði bresti og samkvæmt refsilögum fyrir miska-bótum til handa stefnanda.

Sýknukrafa stefnda Ríkisútvarpsins og þeirra aðilja, sem fyrir þess hönd er stefnt, er í fyrsta lagi reist á því, að samkvæmt 22. gr. útvarpslaga nr. 19/1971 ber sá, sem sjálfur flytur efni í útvarp, ábyrgð á efni þess. Sá, sem tekur þátt í samtali í eigin nafni, ber ábyrgð á sínu framlagi til samtalsins. Samkvæmt því sé það einungis stefndi Vilmundur, sem að lögum geti komið til greina varðandi ábyrgð á hinum umstefndu ummælum. Í öðru lagi er sýknukrafan studd þeim rökum, að stefndi Vilmundur hafi með tilvitnun í fréttapættinum til ákveðins tilviks, sem beinlínis nauðsyn bar til að nefna til að fá fram frá viðmælendum svör við efni því, er fréttapátturinn hafði til meðferðar, þ. e. fullnustu refsíðoma af hálfu ríkisvaldsins, á engan hátt farið út fyrir leyfilega gagnrýni. Hvort tveggja hafi verið, að nafn stefnanda var aldrei nefnt í þættinum, og það, sem sagt var um hið tilvitnaða mál, var sannleikanum samkvæmt, í engu hallað réttu máli. Eru rök þessara stefndu efnislega að öðru leyti samhljóða rökum stefnda Vilmundar. Það sé því ekki grundvöllur að lögum til refsí- né bótaábyrgðar eða annarra viðurlaga gagnvart stefnda Vilmundi í málinu. 237. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eigi hér ekki við, og 238. gr. sömu laga taki að þessu leyti af öll tvímæli.

Í málinu liggur fyrir endurrit af hinu talaða orði í umræddum sjónvarpsþætti. Ekki þykir ástæða til að taka það allt upp

í dómi þessum, nema að því leyti sem máli þykir skipta. Í upphafsorðum sínum að þættinum sagði stefndi Vilmundur:

„Í fréttaskýringaþáttum sjónvarps hefur áður verið vikið að seinvirkni og stundum sofandahætti dómskerfisins hér á landi, einkum að því er varðar framkvæmdir refsidóma. Meðal annars var um það fjallað í fréttapætti í fyrravetur, að verslunarmaður nokkur átti tveggja ára óskilorðsbundinn dóm fyrir fjárvikamál — ærið stórt í sniðum frá árinu 1966. Þessi dómur hafði aldrei komið til framkvæmda. Maðurinn sat raunar einu sinni inni í 16 daga eða svo, en með bréfi uppáskrifuðu af dómsmálaráðuneytinu var honum sleppt út og læknisvottorði borið við. Í mars s. l. var sami maður enn á ferð í vafasömum viðskiptum. Alls reyndist vera um að ræða innistæðulausar ávísanir upp á 21 milljón króna. Röskur sakadómari lét stinga verslunarmanninum í fangaklefa, en eftir tvær klukkustundir kom bréf frá dómsmálaráðuneyti um að láta manninn lausan þegar í stað.

Baldur Möller, ráðuneytisstjóri, greindi frá því í viðtali hér í sjónvarpinu þá, að fyrri afskipti dómsmálaráðuneytisins vegna þessa máls hefðu verið vegna útgefins læknisvottorðs, en seinni afskiptin vegna þess, að hér hefði verið um of hröð vinnubrögð að ræða — maðurinn hefði engan tíma haft til þess að ganga frá sínum málum, eins og venja væri, þegar svona stæði á.

En við skulum rekja gang þessara mála frá því í vor sem leið. Maðurinn er sem sagt kærður fyrir tékkamisferli upp á rúmar 20 milljónir króna, en reyndist fljótlega borgunarmaður fyrir nær helmingi upphæðarinnar. Sverrir Einarsson er settur yfir rannsókn þessa máls, sem reyndist ærið umfangsmikið, lýkur hann mjög ýtarlegri rannsókn 15. júlí. Í rannsókn Sverris er að finna útskýringu á viðskiptamáta þessa verslunarmanns og nokkurra samstarfsmanna hans. Meðal annars viðurkenningu á því, að þetta spil með bankana sé beinlínis gert í þeim tilgangi að nota sér fjármuni og það mikla fjármuni, sem menn ekki eigi og aðrir eiga þar af leiðandi, og stundum kostulegar skýringar bankamanna á því, hvernig á því standi, að sömu mennirnir eru komnir aftur og aftur, þrátt fyrir það að þeir eru fyrir löngu komnir á svokallaðan svartan lista hjá bönkunum. Staðreyndin er sú, að þessi skýrsla sakadómarans er í senn farsí og harmleikur. Hún ber ljósan vott um annars vegar stórkostlegt virðingarleysi þessara manna gagnvart eignarrétti og hinn vegar, og það er kannski alvarlegra, stórkostlegt virðingarleysi þeirra gagnvart réttarkerfinu í landinu.“

Og síðar í upphafsorðunum:

„Nú, þetta er um þetta mál. Nú er það vitaskuld svo, að það er leitt að vera að ræða einstaka persónu, sem að einhverjir menn kannast við og ekki síst vegna ættingja hans og annað slíkt, en engu að síður er það svo, mér og væntanlega einhverjum fleirum þykir þetta vera tákni um veilu og nánast siðspillingu í kerfinu.“

Staðreynd er, að með dómi Hæstaréttar hinn 16. mars 1967 var stefnandi dæmdur til 2ja ára fangelsis fyrir brot á 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 að frádreginni varðhaldsvist. Stefnandi hafði, þá er fréttapátturinn fór fram, ekki afplánað refsingu þessa. Var heilsubrestur stefnanda talinn vera í vegi fyrir því, eins og fram kemur í framangreindum upphafsorðum stefnda Vilmundar að þættinum.

Af formálsorðunum má ljóst vera, að stefndi Vilmundur hafi haft með höndum og kynnt sér sakadómsrannsókn Sverris Einarssonar sakadómara, sem hafði lokið sakadómsrannsókn í júlímánuði 1974 vegna kæru um tékkamisferli stefnanda og fleiri aðilja, en ákæra hafði þá ekki verið gefin út, svo sem fram kemur í viðræðum í þættinum. Stefndi vitnar mjög til þessarar sakadómsrannsóknar allan þáttinn í gegn jafnframt því sem hann vísar til fyrrnefnds refsidóms um það, að stefnandi hafi ekki afplánað hann. Þátturinn beinist hins vegar að slægri framkvæmd refsidóma af hálfu dómsmálayfirvalda og er nánast harðorð gagnrýni á þau í því efni.

Þrátt fyrir hinar tíðu tilvitnanir í refsidóminn yfir stefnanda og sakadómsrannsóknina er nafns hans aldrei getið í þættinum, hvorki af hálfu stefnda Vilmundar né viðmælenda hans, en jafnan nefndur verslunarmaður. Það má þó ljóst vera, að það hafi ekki farið fram hjá stefnanda, að við hann var átt, svo og þeim, er hagi hans þekkja.

Eins og áður segir, þykja ekki efni til þess að rekja í dómi þessum hin töluðu orð þáttarins í heild sinni. Ljóst er þó, að viðfangsefni hans var af hálfu stefnda Vilmundar gagnrýni á framkvæmd refsidóma á landi hér, og að hans mati brotalöm af hálfu framkvæmdaryfirvalda í því efni, jafnframt spurningar um úrbætur eða ráð. Verður það að teljast eðlilegt, að hann hafi við það efni máli sínu til áréttingar vitnað til raunhæfs atviks. Kemur því til álita hér fyrir dómi, hvort stefndi Vilmundur hafi í því efni farið út fyrir lagareglur um æru- og persónuvernd og friðhelgi einkalífs.

Stefnandi var dæmdur til refsivistar fyrri hluta árs 1967, en hafði ekki afplánað þann dóm, er þátturinn var út sendur, og beindist gagnrýni stefnda Vilmundar að því. Telur dómariinn, að stefnda Vilmundi hafi verið heimilt að vitna til slíks, enda gætti hann þess að nefna ekki nafn hins sakfellda.

Sakadómsrannsókn út af kæru um tékkamisferli stefnanda var stefnda Vilmundi kunn, eins og áður segir, er fréttapátturinn fór fram. Kom og fram í þættinum, að sú rannsókn væri til meðferðar hjá saksóknaraembætti ríkisins til ákvörðunar um frekari meðferð. Í orðfari stefnda Vilmundar í þættinum var og aðeins notað orðið kæra.

Þegar borin er saman sjálf sakadómsrannsóknin og hin töluðu orð í fréttapættinum annars vegar og hin tilvitnuðu orð í stefnu, sem stefnt er út af, kemur í ljós, að hin stefndu ummæli eru slitin úr samhengi þess, sem talað var, og gefa því ekki ein út af fyrir sig rétta mynd af því, sem um var rætt. Það er að vísu ekki úrlausnarefni þessa dóms að skera úr um efnisatriði saksómskærunnar, en hún beinist þó að misferli stefnanda um notkun tékka, sem nemur samtals að fjárhæð yfir 21 milljón króna með 21 tékka. Þess má geta, að hinn 13. janúar 1977 var af saksóknara ríkisins gefin út ákæra um höfðun opinbers máls á hendur stefnanda fyrir „að hafa gerst sekur um fjársvik, sem framkvæmd voru með skipulagðri og samslunginni misnotkun tékka á árinu 1974“, og er í ákærunni hver tékki fyrir sig rakinn, en þeir nema að fjárhæð samtals kr. 21.463.374 samkvæmt ákæruskjalinu.

Nokkuð þykir á skorta í stefnu og greinargerð stefnanda, að hin tilteknu ummæli eru ekki hvert um sig nánar tilgreind til sérstaks refsíákvæðis.

Þegar það allt er virt, sem hér að framan er rakið, þá telur dómariinn, að í umræddum fréttapætti sjónvarpsins, eins og hann var upp byggður og leiddur til svara viðmælenda, hafi stefndi Vilmundur, fréttamaður, ekki brotið lagareglur um æruvernd, friðhelgi einkalífs eða grundvallarreglur um persónuvernd gagnvart stefnanda, að næg rök séu til þess að taka kröfur hans til greina í máli þessu. Ber því að sýkna stefnda Vilmund af kröfum stefnanda.

Leiðir þessi niðurstaða til þess, að sýkna ber aðra stefndu í máli þessu.

Eftir atvikum öllum þykir rétt, að málskostnaður falli niður. Emi Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

## Dómsorð:

Stefndu, Vilmundur Gylfason, Ríkisútvarpið og menntamálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. Ríkisútvarpsins, eiga að vera sýknir af kröfum stefnanda, Jósafats Arngrímssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

---

Mánudaginn 29. nóvember 1982.

Nr. 231/1982. Ákærvaldið

gegn

Einari Guðmundssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

## Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 22. nóvember 1982. sem barst Hæstarétti 24. s. m.

Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur. Einnig krefst hann kærumálskostnaðar.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Í bréfi héraðsdómara 26. nóvember 1982 segir, að meining prentvilla sé í hinum kærða úrskurði, „þar sem vitnað er í 1. mgr. 67. gr. opl. hrl. (sic), en tilvitnunin á að sjálf-sögðu að vera í 1. mgr. 67. gr. oml.“

Með þessari athugasemd þykir eftir atvikum mega staðfesta hinn kærða úrskurð að niðurstöðu til.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

## D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.